

## REGLUGERÐ

### um (43.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

#### 1. gr.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í III. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2023, frá 22. september 2023, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/971 frá 16. júní 2021 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja, I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/54/EB um markaðssetningu sykkurófufræs, I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/55/EB um markaðssetningu grænmetisfræs og I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs, að því er varðar notkun á lífefnafræðilegum og sameindafræðilegum aðferðum. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79, 2. nóvember 2023, bls. 201.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 24. nóvember 2023.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Iðunn María Guðjónsdóttir.*